



Samþykkt fyrir fræðslu- og lýðheilsuráð

Um verkefni fræðslu- og lýðheilsuráðs

1. gr.

Fræðslu- og lýðheilsuráð fer með stjórn leikskóla, grunnskóla og Tónlistarskólans á Akureyri samkvæmt lögum og reglugerðum um þá í umboði bæjarstjórnar Akureyrarbæjar eftir því sem nánar er kveðið á um í þessari samþykkt sem gerð er í samræmi við Samþykkt um stjórn og fundarskáp Akureyrarbæjar. Orðið skóli vísar hér eftir til allra áðurgreindra skóla. Þá fer ráðið með lýðheilsu- og forvarnamál, tómstundamál, málefni íþróttar og hollrar hreyfingar og málefni sem tengjast íþróttamannvirkjum.

2. gr.

Fræðslu- og lýðheilsuráð gerir tillögu til bæjarstjórnar um stefnumörkun á sviði skólamála, forvarna-, íþróttar-, tómstunda- og lýðheilsamála Akureyrarbæjar. Ráðið fylgist með því að unnið sé að settum markmiðum, veitt sé góð þjónusta og starfsemin sé skilvirk og hagkvæm.

3. gr.

Fræðslu- og lýðheilsuráð

- a) hefur eftirlit með að öll börn á Akureyri njóti lögboðinnar fræðslu og umönnunar. Í störfum sínum ber fræðslu- og lýðheilsuráði að vinna að því að allir nemendur njóti sem bestar aðstöðu og jafnastra tækifæra til náms og að skólinn veiti sérhverjum nemanda fræðslu og umönnun eftir aldri sínum og þroska og í samræmi við gildandi aðalnámskrár á hverjum tíma,
- b) hefur eftirlit með skólaþjónustu leik- og grunnskóla en í henni felst annars vegar stuðningur við nemendur og fjölskyldur þeirra og hins vegar stuðningur við starfsemi leik- og grunnskóla og starfsfólk þeirra,
- c) hefur eftirlit og umsjón með málefnum dagforeldra,
- d) staðfestir starfsáætlun allra skóla sveitarfélagsins,
- e) fylgist með framkvæmd náms og kennslu í sveitarfélaginu og gerð skólanámskrár og gerir tillögur til skólastjóra og/eða bæjarstjórnar um umbætur í skólastarfi,
- f) stuðlar að tengslum og samstarfi leikskóla og grunnskóla annars vegar og grunnskóla og framhaldsskóla hins vegar,
- g) hefur eftirlit með að jafnan sé fyrir hendi fullnægjandi húsnæði og annar útbúnaður. Fræðslu- og lýðheilsuráð, ásamt skólastjórum, lítur eftir að uppfylltar séu kröfur laga og reglugerða á þessu sviði og gerir tillögur til bæjarstjórnar um úrbætur,
- h) gerir tillögur til bæjarstjórnar um skipulag skólamála í bænum,
- i) hefur eftirlit með og stuðlar að því að skólum sé tryggður aðgangur að sérfræðiþjónustu í samræmi við gildandi lög og reglugerðir,
- j) hefur eftirlit með að ákvæði laga og reglugerða séu uppfyllt og gerir tillögur til bæjarstjórnar um úrbætur,
- k) lætur barna- og menntamálaráðuneyti í té upplýsingar um framkvæmd skólahalds, innra mat skóla, ytra mat sitt, framgang menntastefnu sinnar og áætlanir um umbætur,

- l) hefur eftirlit með skólatengdu starfi sem veitt er í skólunum utan skólatíma svo sem Frístund fyrir börn í 1. – 4. bekk í grunnskóla,
- m) hefur eftirlit með skólaakstri nemenda,
- n) hefur eftirlit með að til séu sem gleggstar upplýsingar um skólamál í sveitarfélaginu og að bæjarbúar hafi aðgang að upplýsingum um þá þjónustu sem í boði er,
- o) hefur eftirlit með framkvæmd laga um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974, laga um tóbaksvarnir nr. 6/2002 og áfengislaga nr. 75/1998 að því marki sem löginn leggja skyldur á herðar sveitarfélaga,
- p) hefur eftirlit með rekstri og starfsemi íþróttá-, félags- og tómstundamiðstöðva á vegum bæjarins og samskiptum bæjarins við félög sem starfa á þessu sviði og njóta m.a. styrkja frá fræðslu- og lýðheilsuráði,
- q) stuðlar að öflugum frístunda- og íþróttastarfi á Akureyri og hefur um það samstarf við aðila sem starfa á því sviði,
- r) sér um forgangsröðun og tillögur að staðarvali og uppbyggingu nýrra mannvirkja fyrir þá málaflokka sem heyra undir ráðið,
- s) stuðlar að góðu upplýsingaflæði, ásamt hlutaðeigandi aðilum, um frístundamál og þá heilsuefandi þjónustu sem stendur bæjarbúum til boða,
- t) fylgir því eftir að unnið sé samkvæmt stefnumörkun og þeim stefnum sem heyra undir fræðslu- og lýðheilsuráð,
- u) tilnefnir tvo fulltrúa í stjórn Vetrariþróttamiðstöðvar Íslands.

4. gr.

Fræðslu- og lýðheilsuráð hefur eftirlit með framkvæmd eftirfarandi laga og reglugerða byggðra á þeim, eins og þau eru á hverjum tíma og að því marki sem löginn setja skyldur á herðar sveitarfélaga:

- a) grunnskólalög nr. 91/2008,
- b) lög um leikskóla nr. 90/2008,
- c) lög um menntun, hæfni og ráðningu kennara og skólastjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla nr. 95/2019
- d) lög um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla nr. 75/1985,
- e) lög um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna nr. 86/2021
- f) lög um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 (vegna einstaklingsstuðnings)
- g) reglugerð nr. 907/2005 um daggæslu barna í heimahúsum og
- h) önnur lög og reglugerðir sem á hverjum tíma tengjast verkefnum ráðsins.

5. gr.

Fræðslu- og lýðheilsuráð starfar í samræmi við:

- a) reglur, samþykktir og samþykktar stefnur bæjarstjórnar sem tengjast sérstaklega verkefnum ráðsins svo sem menntastefnu Akureyrarbæjar og
- b) almennar reglur, samþykktir og stefnur bæjarstjórna svo sem mannréttindastefnu Akureyrarbæjar.

6. gr.

Fræðslu- og lýðheilsuráð getur veitt styrki til verkefna innan málaflokksins í samræmi við Reglur um styrkveitingar Akureyrarbæjar. Skulu slíkar styrkveitingar að jafnaði fara fram tvisvar á ári.

Um skipan fræðslu- og lýðheilsuráðs

7. gr.

Bæjarstjórn skal á fyrsta fundi að afloknum bæjarstjórnarkosningum kjósa fimm fulltrúa í fræðslu- og lýðheilsuráð til fjögurra ára og fimm til vara. Bæjarstjórn kýs formann og varaformann. Framboðslisti sem á fulltrúa í bæjarstjórn en ekki í fræðslu- og lýðheilsuráði má tilnefna áheyrnarfulltrúa til setu í ráðinu með málfrelsi og tillögurétt.

8. gr.

Formaður fræðslu- og lýðheilsuráðs stjórnar fundum og sér um að allt fari þar löglega og skipulega fram. Hann úrskurðar í ágreiningsmálum sem upp kunna að koma út af fundarsköpum en skjóta má úrskurði hans til úrlausnar ráðsins. Fundarmönnum er skylt að lúta valdi formanns að því er varðar fundarsköp og góða reglu.

9. gr.

Fræðslu- og lýðheilsuráð heldur að jafnaði tvo fundi í mánuði. Aukafundi skal halda eftir þörfum að ákvörðun formanns eða ef a.m.k. tveir nefndarmenn óska þess.

Heimilt er að skipuleggja fundi ráðsins með þeim hætti að þeir fjalli á víxl annars vegar að mestu um fræðslumál og hins vegar að mestu um lýðheilsu- og forvarnamál, tómsundamál og málefni íþróttar og hollrar hreyfinga.

10. gr.

Sviðsstjóri fræðslu- og lýðheilsusviðs situr að jafnaði fundi fræðslu- og lýðheilsuráðs með málfrelsi og tillögurétt. Auk hans eiga eftirtaldir rétt til setu á fundum ráðsins með sömu skilyrðum:

- a. einn fulltrúi grunnskólastjóra,
- b. einn fulltrúi kosinn úr hópi fastráðinna kennara,
- c. einn fulltrúi foreldra, sbr. 13. gr. laga um grunnskóla nr. 91/2008,
- d. einn fulltrúi leikskólastjóra,
- e. einn fulltrúi úr hópi starfsmanna leikskólanna,
- f. einn fulltrúi tilnefndur af samtökum foreldra barna í leikskólum,
- g. verkefnisstjóri leikskóla þegar málefni leikskóla eru á dagskrá,
- h. verkefnastjóri grunnskóla þegar málefni grunnskóla eru á dagskrá,
- i. forstöðumaður rekstrarsviðs þegar það á við,
- j. forstöðumaður skrifstofu
- k. fulltrúi ungmennaráðs,
- l. forstöðumaður íþróttamála þegar íþróttamál eru á dagskrá
- m. fulltrúi ÍBA situr fundi fræðslu- og lýðheilsuráðs þegar málefni íþróttahreyfingarinnar eða íþróttatengd málefni eru á dagskrá sbr. 11. gr. samnings á milli Akureyrarbæjar og ÍBA dagsett 10. nóvember 2017,
- n. skólastjóri Tónlistarskólans situr fundi ef málefni tónlistarskólans eru til umfjöllunar.

Formaður fræðslu- og lýðheilsuráðs boðar framangreinda áheyrnarfulltrúa sem taldir eru upp í stafliðum a-m á fund ráðsins þegar þau málefni eru á dagskrá sem áheyrnarfulltrúi er tilnefndur til að gæta hagsmuna fyrir. Áheyrnarfulltrúar víkja af fundum ráðsins þegar umfjöllun um þau tilteknu dagskrárefni er lokið.

Heimilt er að boða aðra á fundi ráðsins til viðræðna um tiltekin mál.

Um yfirstjórn málefna fræðslu- og lýðheilsuráðs

11. gr.

Bæjarstjóri ræður sviðsstjóra fræðslu- og lýðheilsusviðs að höfðu samráði við fræðslu- og lýðheilsuráð. Sviðsstjóri fræðslu- og lýðheilsusviðs að höfðu samráði við fræðslu- og lýðheilsuráð ræður, í umboði bæjarstjórnar, skólastjóra grunnskóla, sbr. lög um grunnskóla nr. 91/2008, skólastjóra leikskóla, sbr. lög um leikskóla nr. 90/2008 og forstöðumann skrifstofu. Sviðsstjóri fræðslu- og lýðheilsusviðs, skólastjórar og forstöðumenn ráða aðra starfsmenn.

12. gr.

Bæjarráð úthlutar fjárhagsramma til ráðsins vegna fjárhagsáætlunar fyrir næsta starfsár. Fræðslu- og lýðheilsuráð gerir starfsáætlun í samræmi við fjárhagsáætlun fyrir næsta starfsár vegna málaflokks síns. Tillögur um breytingar á þjónustu skal skýra og rökstyðja sérstaklega og þurfa samþykki bæjarstjórnar. Breytingar á gjaldskrá þarf að samþykkja í bæjarráði. Sviðsstjóri fræðslu- og lýðheilsusviðs leggur fram í ráðinu tillögu að fjárhagsáætlun málaflokks ráðsins sem ráðið skal meta að sé í samræmi við starfsáætlun og markaða stefnu.

13. gr.

Formaður fræðslu- og lýðheilsuráðs er í forsvari fyrir fræðslu- og lýðheilsuráð um stefnumótun og ákvarðanir þess eftir því sem við á. Sviðsstjóri fræðslu- og lýðheilsusviðs ber ábyrgð á stjórn og rekstri málaflokksins, þ.m.t. fjármálum, starfsmannamálum og framkvæmd ákvarðana ráðsins.

Um fundarsköp fræðslu- og lýðheilsuráðs

14. gr.

Um fundarsköp á fundum fræðslu- og lýðheilsuráðs gilda ákvæði sveitarstjórnarlaga og Samþykktar um stjórn og fundarsköp Akureyrarbæjar og verklagsreglur um fundarritun og birtingu gagna.

Formaður boðar eða lætur boða til fundar með dagskrá. Í dagskrá skal vísað til gagna um þau dagskrármál sem til umfjöllunar eru eftir því sem kostur er. Dagskrá skal send til aðalmanna í síðasta lagi tveimur sólarhringum fyrir fund. Hægt er að boða til fundar með styttri fyrirvara með samþykki allra nefndarmanna og skal það bókað í upphafi fundar. Óski nefndarmaður eftir að taka mál á dagskrá skal hann tilkynna formanni það skriflega eða með rafrænum hætti með tillögu eða fyrirspurn eigi síðar en á hádegi þremur dögum fyrir fund. Heimilt er að taka mál til meðferðar í fræðslu- og lýðheilsuráði þótt ekki sé það tilgreint í dagskrá. Þó er skylt að fresta afgreiðslu slíks máls ef einhver nefndarmaður óskar þess.

Fundur fræðslu- og lýðheilsuráðs eru að jafnaði haldnir fyrir luktum dyrum og er óheimilt að greina frá ummælum einstakra fundarmanna á fundum. Fundur er lögmætur ef meira en helmingur kjörinna nefndarmanna er á fundi. Fræðslu- og lýðheilsuráð getur enga bindandi ályktun gert nema fundur sé lögmætur.

Mál skulu tekin til umræðu og afgreidd í þeirri röð sem þau eru á dagskrá nema formaður eða fræðslu- og lýðheilsuráð ákveði annað. Afl atkvæða ræður úrslitum mála. Skylt er að vísa máli til úrskurðar bæjarstjórnar ef a.m.k. tveir nefndarmenn óska eftir því með bókun.

Formaður sér um að fundargerðir séu skipulega færðar í fundargerðarkerfi og að allar samþykktir séu bókaðar nákvæmlega.

Við birtingu ákvörðunar skal kynnt að um fullnaðarafgreiðslu sé að ræða á grundvelli heimildar í 42. gr. sveitarstjórnarlaga og Samþykktar um stjórn og fundarsköp Akureyrarbæjar.

15. gr.

Fræðslu- og lýðheilsusvið leggur fræðslu- og lýðheilsuráði til fundaraðstöðu og fundarritara. Um ritun fundargerða fræðslu- og lýðheilsuráðs gilda sömu reglur og um ritun fundargerða bæjarstjórnar, sbr. 16. gr. og 31. gr. Samþykktar um stjórn og fundarsköp Akureyrarbæjar og verklagsreglur um fundarritun og birtingu gagna með fundargerðum.

Í tölvuskráða fundargerð skal færa:

- a) fundartíma og fundarstað,
- b) nöfn aðalmanna og varamanna sem sækja fundinn og fyrir hvaða aðalmenn varamenn sitja fundinn,
- c) nöfn og starfsheiti starfsmanna sem sækja fundinn,
- d) heiti og númer dagskrármála sem tekin eru fyrir,
- e) greinargóða lýsingu á hverjum dagskrárlíð,
- f) bókanir ráðsins eða einstakra fundarmanna um dagskrármál þar sem það á við og hvaða afgreiðslu dagskrármál hefur hlotið,
- g) að fundarmaður hafi vikið af fundi eða komið til fundar eftir að hann hófst, ef svo ber undir,
- h) atkvæðatölur ef formleg atkvæðagreiðsla hefur farið fram og atkvæði hafa ekki verið samhljóða.

Í lok fundar skal tölvuskráð fundargerð lesin upp og hún samþykkt af fundarmönnum. Fundargerðir eru undirritaðar og varðveittar rafrænt.

Undirritaðar fundargerðir skulu varðveittar hjá skjalasafni Akureyrarbæjar sem sér um að birta fundargerðir á vefsíðu Akureyrarbæjar. Sviðsstjóri fræðslu- og lýðheilsusviðs sér um að tilkynna aðilum mála, sem afgreidd eru í fræðslu- og lýðheilsuráði, um málalok.

Við birtingu ákvörðunar skal kynnt að um fullnaðarafgreiðslu sé að ræða á grundvelli heimildar í 42. gr. sveitarstjórnarlaga og Samþykktar um stjórn og fundarsköp Akureyrarbæjar.

Um hæfi og skyldur fræðslu- og lýðheilsuráðsmanna og annarra fundarmanna

16. gr.

Um hæfi ráðsmanna gilda ákvæði 20. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, II. kafla stjórnarsýslulaga nr. 37/1993 og 17. gr. Samþykktar um stjórn og fundarsköp Akureyrarbæjar.

Um hæfi starfsmanna fræðslu- og lýðheilsuráðs gilda ákvæði 20. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 sbr. II. kafla stjórnarsýslulaga nr. 37/1993 og 17. gr. Samþykktar um stjórn og fundarsköp Akureyrarbæjar.

17. gr.

Nefndarmönnum er skylt að sækja alla fundi fræðslu- og lýðheilsuráðs nema lögmæt forföll hamli svo sem önnur brýnni skyldustörf eða veikindi. Sé fræðslu- og lýðheilsuráðsmaður forfallaður um stundarsakir skal hann tilkynna eða láta tilkynna forföllin til formanns og boða varamann sinn á fund. Nefndarmaður skal gæta þagnarskyldu um það sem hann fær vitneskju um í starfi sínu sbr. 42. gr. stjórnarsýslulaga nr. 37/1993 og leynt á að fara vegna einka- eða almannahagsmuna samkvæmt lögum

eða eðli máls. Þagnarskylda helst áfram eftir að nefndarmaður lætur af þeim störfum. Þetta ákvæði á einnig við um starfsmenn ráðsins og aðra þá sem boðaðir eru til fundar.

Málsmeðferðareglur fræðslu- og lýðheilsuráðs

18. gr.

Við meðferð mála hjá fræðslu- og lýðheilsuráði, er varða rétt og skyldu aðila að stjórnarsýslumáli, skulu nefndarmenn og starfsmenn gæta ákvæða stjórnarsýslulaga nr. 37/1993.

Fræðslu- og lýðheilsuráð skal gæta að leiðbeiningarskyldu varðandi þau erindi sem eru til meðferðar hjá ráðinu. Þá skulu ákvarðanir vera teknar svo fljótt sem unnt er eftir að mál hefur verið nægjanlega upplýst.

Við úrlausn mála skal gæta samræmis, jafnræðis og meðalhófs skv. stjórnarsýslulögum nr. 37/1993.

Aðili máls skal eiga þess kost að tjá sig um efni máls fyrir starfsmönnum fræðslu- og lýðheilsuráðs áður en tekin er ákvörðun enda liggi ekki fyrir í gögnum málsins afstaða hans og rök. Aðili máls á rétt á því að kynna sér skjöl og önnur gögn er varða mál hans með þeim takmörkunum sem getið er um í 16. gr. stjórnarsýslulaga nr. 37/1993 og upplýsingalögum nr. 140/2012.

Ákvörðun fræðslu- og lýðheilsuráðs skal tilkynnt aðila máls. Hafi umsókn aðila verið hafnað eða ekki tekin til greina að öllu leyti skal fylgja tilkynningunni rökstuðningur eða leiðbeiningar um heimild aðila til að fá ákvörðun rökstudda. Einnig skulu fylgja leiðbeiningar um kærueimild og kærufrest.

Heimildir til fullnaðarákvarðana

19. gr.

Fræðslu- og lýðheilsuráði er heimilt að afgreiða án staðfestingar bæjarstjórnar mál á verksviði hennar ef:

- a) lög eða eðli máls mæla ekki sérstaklega gegn því,
- b) þau varða ekki fjárhag sveitarfélagsins umfram það sem kveðið er á um í starfs- og fjárhagsáætlun,
- c) þau víkja ekki frá stefnu bæjarstjórnar í veigamiklum málum.

21. gr.

Sviðsstjóri fræðslu- og lýðheilsusviðs afgreiðir án staðfestingar ~~fræðslu- og lýðheilsuráðs~~ bæjarstjórnar:

- a) ráðningar skólastjóra sbr. 11. gr.,
- b) samninga til eins árs sem eru í samræmi við starfsáætlun ráðsins,
- c) leyfi fyrir skólavist í öðrum sveitarfélögum,
- d) leyfi fyrir skólavist nemenda í skólum á Akureyri sem eiga lögheimili utan Akureyrar,
- e) leyfi fyrir rannsóknum í skólum,
- f) umsóknir um launalaus leyfi,
- g) umsóknir um leikskólavist,
- h) umsóknir um tíma vegna sérkennslu í leik- og grunnskólum og aðra sérþjónustu,
- i) leyfi fyrir leikskólavist í öðrum sveitarfélögum,
- j) leyfi fyrir leikskólavist í leikskólum Akureyrar fyrir börn sem eiga lögheimili utan Akureyrar,
- k) leyfi til daggæslu barna í heimahúsum,
- l) önnur mál sem fræðslu- og lýðheilsuráð felur sviðsstjóra fræðslusviðs að afgreiða.

Bæjarstjórn setur reglur um afgreiðslu ofangreindra mála. Mál sem sviðsstjóri fræðslu- og lýðheilsusviðs afgreiðir í umboði ráðsins skulu kynnt fræðslu- og lýðheilsuráði með skriflegri skýrslu a.m.k. einu sinni á ári.

Endurupptaka máls

22. gr.

Eftir að fræðslu- og lýðheilsuráð eða starfsmenn þess hafa tekið ákvörðun og hún verið tilkynnt, á aðili máls rétt á því að mál sé tekið fyrir að nýju ef ákvörðun hefur byggst á ófullnægjandi eða röngum upplýsingum um málsatvik eða ef íþyngjandi ákvörðun um boð eða bann hefur byggst á atvikum sem hafa breyst verulega frá því að ákvörðun var tekin. Endurupptaka er heimil innan þriggja mánaða frá því að aðila máls var eða mátti vera kunnugt um ákvörðunina.

Aðili máls skal beina kröfu um endurupptöku máls til bæjarráðs.

Stjórnsýslukæra

23. gr.

Aðila máls er heimilt að kæra ákvörðun fræðslu- og lýðheilsuráðs eða starfsmanna þess til æðra stjórnvalds sem við á til þess að fá ákvörðun fellda úr gildi eða henni breytt nema annað leiði af lögum eða venju.

Kæra skal borin fram innan þriggja mánaða frá því að aðila máls var tilkynnt um ákvörðun ráðsins eða starfsmanna þess, nema lög leiði til annars frests. Stjórnsýslukæra frestar ekki réttaráhrifum ákvörðunar meðan málið er til meðferðar nema æðra stjórnvald mæli svo fyrir.

Gildi samþykktarinnar

24. gr.

Samþykkt þessi tekur gildi 1. janúar 2025

Samþykkt í bæjarráði 12. desember 2024

Samþykkt í bæjarstjórn 17. desember 2024